

Mál nr. 79/2019**M og
V1 vegna ábyrgðartryggingar heimilistryggingar A hjá V1 og
V2 vegna vátrygginga M hjá V2****Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns á bifreið****Gögn.**

Málskot mótttekið 21.02.2019 ásamt fylgiskjöllum.

Bréf V1 dags. 11.03.2019 ásamt ljósmyndum.

Bréf V2 dags. 14.03.2019 ásamt fylgiskjöllum 1-2.

Málsatvik.

Samkvæmt málskoti var M að akstri um Garðatorg hinn 29. september 2018, þegar vindhviða feykti plaststól þannig að hann lenti með töluverðum þunga á bifreið hans, með þeim afleiðingum að framrúða bifreiðarinnar brotnaði og dæld kom á vélarhlíf.

M telur að umræddur plaststóll hafi komið af svölum íbúðar 201, þar sem A býr. Þessu til stuðnings hefur M lagt fyrir nefndina ljósmyndir er sýna hvítan plaststól á svölum viðkomandi íbúðar, auk þess sem M vísar til þess að fjölmörg vitni hafi staðfest sögu hans um að stóllinn hefði verið á þessum tilteknu svölum þar til atvikið átti sér stað. M telur sig því hafa sýnt fram á það með framlagningu gagna að umræddur stóll hafi verið í eigu A, og fokið af svölum hans þennan dag. Hefur M því gert kröfu um greiðslu úr ábyrgðarlið heimilistryggingar A hjá V1, enda eigi A sök á tjóninu.

Í bréfi sínu til nefndarinnar tekur V1 fram að svo bótaskylda stofnist þurfi að sýna fram á að tjón megi rekja til saknæmrar háttsemi vátryggingartaka. Það hafi ekki verið gert. Þannig séu vindhviður sem geri það að verkum að garðhúsgögn fjúki algengar og ekki hægt að leggja þær kröfur á alla þá sem eiga svalir að tjóðra niður húsgögn ef von er á vondu veðri. Þess utan hafi M ekki lagt fram nein gögn er sýni fram á veður eða vindhraða umræddan dag. Að auki hafi ekki tekist, gegn neitun A, að sýna fram á að umræddur stóll hafi komið af svölum íbúðar hans. A eigi vissulega stól af þessu tagi, sem sé endrum og eins staðsettur á svölum íbúðarinnar, en sé þó yfirleitt í herbergi sonar A. Meðfylgjandi bréfi V1 eru myndir af hvítum plaststól í barnaherbergi. Ekki geti því verið að um sama stól sé að ræða. Enn fremur tekur V1 fram að um sé að ræða IKEA-stól sem væntanlega seljist í hundruðum eintaka á ári, og því sé ekki hægt að slá því föstu að stóllinn sem fauk á bifreið M hafi verið í eigu A. V1 hafnar því bótaskyldu.

Í bréfi sínu til nefndarinnar tekur V2 fram að umrætt atvik hafi átt sér stað hinn 6. október 2018 en mikill vindur hafi verið þann dag og í einni vindhviðunni hafi stóllinn fokið af svölum umræddrar íbúðar á bifreið M. Við rannsókn M á því hvaðan stóllinn hefði fokið hafi hann rekist á mynd sem tekin var hinn 27. júní 2018 og sýndi stóllinn á svölum íbúðar 201. Jafnframt hafi M fundið ljósmynd sem sýndi stóllinn á svölunum á heimasíðu tiltekinnar fasteignasölu. Að endingu hefði M fundið ljósmynd á samfélagsmiðlum sem sýni að stóllinn var á svölunum hinn 11. september 2018. V2 telur því fullsannað að stóllinn sem fauk á bifreið M hafi verið í eigu A. Hvað varði saknæma háttsemi A ítrekar V2 það að mikill vindur hafi verið þennan dag og vindhviður nægilega sterkur til að feykja stólnum af svölunum. Það að skilja plaststól eftir utandyr að hausti án þess að ganga tryggilega frá honum til að varna foki hljóti að vera metið A til gáleysis, enda hafi honum mátt vera ljóst að slík háttsemi gæti leitt til tjóns. Því er það afstaða V2 að M eigi rétt á fullum bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V1. Meðfylgjandi athugasemdum V2 er afrit af skýrslu Aðstoðar og öryggis, sem hefur m.a. að geyma ljósmyndir af ákomunni á bifreið M og hvíta plaststólnum sem hafnaði á framrúðu hennar.

Álit:

Ágreiningur málsins lýtur í fyrsta lagi að því hvort umræddur plaststóll hafi verið í eigu A, og í öðru lagi að því hvort A, ef talið verður að hann sé eigandi stólsins, hafi sýnt af sér saknæma háttsemi sem hafi leitt til tjónsins.

Með hliðsjón af því að í skýrslu Aðstoðar og Öryggis er að finna ljósmyndir af stólnum sem hafnaði á framhluta bifreiðarinnar verður að líta svo á að nægilega sé sýnt fram á hvers kyns stóll olli tjóninu. Með hliðsjón af ljósmyndum af sams konar stól á svölum íbúðar 201, sem M hefur lagt fyrir nefndina, verður jafnframt að telja nægilega sýnt fram á að umræddur stóll hafi verið í eigu A, enda er nýjasta ljósmyndin tekin aðeins nokkrum vikum fyrir dagsetningu atviksins sem um ræðir. Þrátt fyrir neitun A verður því að líta svo á að nægilega sé sýnt fram á að umræddur stóll hafi fokið af svölum íbúðar hans og hafnað á bifreið M. Breyta ódagsettar myndir af sama, eða sams konar stól, innan íbúðar A, engu í því sambandi.

Þá verður að telja að það hafi falist gáleysi af hálfu A í því að geyma léttan plaststól úti á svölum án þess að gera ráðstafanir til að varna foki, en ljóst er að vindhviður voru töluverðar umræddan dag og ollu foki stólsins af umræddum svölum.

Samkvæmt framansögðu er niðurstaða nefndarinnar sú að A beri skaðabótaábyrgð á tjóni M og að M eigi rétt á bótum úr heimilistryggingu A vegna atviksins.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu heimilistryggingar A hjá V1.

Reykjavík 9. apríl 2019

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.